

15. júlí 1988

799

Nr. 350

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Papa- og Breiðdalsgrunni.

1. gr.

Frá og með 16. júlí 1988 eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarndi punktum:

1. 64°33'21 N – 13°08'19 V
2. 64°28'19 N – 13°39'04 V
3. 64°01'51 N – 14°02'51 V
4. 64°01'05 N – 13°38'47 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 16. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

8. júlí 1988

Nr. 351

AUGLÝSING

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 3. gr. reglna um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota, skuli vera 500 krónur.

Ákvörðun þessi gildir frá 12. júlí 1988.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 102 26. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. júlí 1988.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

B 57